isavia | KEF KEFLAVÍKUR FLUGVÖLLUR

Verklag um þróun og uppbyggingu lóða við Keflavíkurflugvöll



Verklag um þróun og uppbyggingu lóða við Keflavíkurflugvöll

Útgefandi	Dagsetning
Isavia ohf.	1. júní 2026

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Efnisyfirlit

1 Tilgangur og umfang 4


2 Markmið 5

3 Annað 6

1 Tilgangur og umfang

Verklagið tekur til uppbyggingar og þróunar lóða á skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar (A-svæði), en skv. lögum nr. 176/2006 er Keflavíkurflugvelli skipt í tvö svæði; svæði A, flugvallarsvæði og svæði B, öryggissvæði.

Isavia og skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fara með skipulagsmál á A svæði, en utanríkisráðherra á B svæði.



Reglur um ráðstöfun og almennir skilmálar um úthlutun lóða, sem voru samþykktar af stjórn Isavia í upphafi árs 2025, byggja á stefnunni sem hér lögð fram, ásamt kröfum í lögum og reglugerðum.

Einnig þá er verklagið í samræmi við stefnu Isavia til 2040 og Þróunaraætlun félagsins 2020-2045 og skal vera nánar útfært í deiliskipulagi.

2 Markmið

Þróunaráætlun Isavia

Yfirmarkmið verklagsins er að nýta tækifæri á og við flugvallarsvæðið í samræmi við Þróunaráætlun Isavia 2020-2045, en sú áætlun sýnir hvernig flugvöllurinn getur þróast til framtíðar í takt við langtímaspár um farþegafjölda og þarfir flugvallarsamfélagsins.

Þar eru framtíðar möguleikar kortlagðir og skapar áætlunin þannig forsendur fyrir langtímahugsun og tryggir ábyrga nálgun þegar teknar eru ákvarðanir um úthlutanir á lóð eða lóðum.

Forsendur ákvarðana

Félagið skal á hverjum tíma meta þörfina á frekari uppbyggingu á flugvallarsvæðinu og við slíkt mat skal litið til viðskiptalegra forsendna og hagsmuna flugvallarins í heild og eftirspurnar eftir lóðum. Taki félagið ákvörðun um uppbyggingu á lóðum, sem það ætlar ekki sjálft, eitt eða í samvinnu við aðra, skal farið samkvæmt reglum um útleigu lóða.

Við úthlutun lóða skal taka tillit til þróunar og breytinga í rekstri félagsins og virði samninga vera í samræmi við markaðsvirði og tryggja að lóðir standi til boða fyrir nauðsynlega uppbyggingu innan skipulagsvæðisins.

Lóðir við Keflavíkurflugvöll eru takmörkuð auðlind og vanda skal valið við starfsemi á útleigu allra lóða á flugvallarsvæðinu, enda sbr. kemur fram í reglum um útleigu lóða þá er; *„Markmiðið er að mæta raunhæfum áætlunum um uppbyggingu, vöxt og eftirspurn og tryggja rekstur Keflavíkurflugvallar til framtíðar sem flugvallar í fremstu röð“*.

Flokkun lóða

Lóðir A: Lóðir tengdar kjarnastarfsemi Keflavíkurflugvallar og/eða lóðir sem bjóða uppá viðskiptatækifæri sem er einstakt á skipulagsvæðinu. Almennt ættu samningar um uppbyggingu á þessum lóðum að taka tillit til viðskiptahagsmuna, samningar séu gerðir samhliða útboði um þá þjónustu sem veita skal á lóðinni og gæta skal þess að samningar séu til skemmri tíma en almennt tíðkast í lóðarúthlutun.

Lóðir B: Lóðir sem ætlaðar eru til stuðnings kjarnastarfsemi Keflavíkurflugvallar og eru ætlaðar samstarfsaðilum sem veita lykilþjónustu við flugvöllinn. Dæmi um slíkar lóðir eru lóðir sem hafa beint aðgengi að flugstöð. Við úthlutun slíkra lóða skal þess gætt að strangir skilmálar gildi varðandi eðli þess reksturs sem þar skal fara fram og skýr viðurlög sé þeim skilmálum ekki fylgt.

Lóðir C: Lóðir sem ætlaðar eru til flugvallartengda starfsemi án þess að sérstakar kröfur séu til staðsetningar eða aðstöðu annarrar en nálægðar við flugvöll. Reynt skal eftir fremsta megni að tryggja að ávallt séu fleiri en ein lóð af sambærilegum gæðum til úthlutunar hverju sinni.

3 Annað

Verklagið hefur verið kynnt fyrir framkvæmdastjórn auk annarra sem RUMSK telur að hefðu hag af því að þekkja til hennar.

Verklagið skal vera aðgengileg á innri og ytri vef Isavia.

Ábyrgðaraðili er RUMSK og skal sá hópur rýna verklagið árlega og leggja til breytingar ef þurfa þykir í takt við uppfærslur eða breytingar í skipulagsmálum eða Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar.